

rétti Reykjavíkur 8. október 1980 til tryggingar greiðslu samkvæmt dómssáttunum. Mál þetta var þingfest 7. janúar 1981 og var þá frestað til aprílmánaðar s. á. Af hálfu áfrýjanda hafa ekki verið færðar fram neinar ástæður fyrir frestbeiðni hans nú. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Á l y k t a r o r ð :**

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Haukur Leósson, greiði stefnda, Reinhold Kristjánssyni, 450.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. apríl 1981.

Nr. 167/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Gunnari Gunnarssyni Smith**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Líkamsmeiðingar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að viðurlög þau, er ákærða voru dæmd í héraði, verði þyngd.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið telpunnar var, fyrr en hún skall á bifreiðinni, en þá hafi hann verið að aka inn á gatnamót Stakkahlíðar og Drápuhlíðar á um 40 km hraða miðað við klukkustund og hemlað samstundis. Hemlaför eftir bifreiðina reyndust samkvæmt mælingu lögreglumanna 17 til 18 metra löng. Eftir vettvangsupprætti byrja þau við nyrðri hluta gatnamóta Stakkahlíðar og Drápuhlíðar, eða 6 til 8 metrum norðan slysstaðarins, en ætla verður, að ákærði hafi beitt hemlum bifreiðarinnar, þegar er hann varð barnanna var. Um hraða bifreiðarinnar verður ekki nákvæmlega fullyrt. Verður að telja, að ákærði hafi miðað við aðstæður ekið of greitt og eigi sýnt næga árvekni, en honum var kunnugt um barnaleikvöllinn austan Stakkahlíðar við mót áðurnefndra gatna.

Að svo vöxnu máli verður úrlausn héraðsdóms um sök ákærða og viðurlög staðfest, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá er staðfest ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1979.**

Ár 1979, mánudaginn 17. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 560/1979: Ákærvaldið gegn Gunnari Gunnarssyni Smith, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. febrúar sl., á hendur ákærða, „Gunnari Gunnarssyni Smith, lögregluþjóni, Mörk á Álftanesi, fæddum 7. desember 1946 í Reykjavík, fyrir að hafa, um kl. 16.50 föstudaginn 14. júlí 1978, ekið bifreiðinni R-7650 suður Stakkahlíð í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og allt of hratt meðfram barnaleikvelli á mótis við Drápuhlíð með þeim afleiðingum, að stúlkan Brynja Hrönn Jónsdóttir, fædd 15. júní 1973, sem gengið hafði frá leikvellingum í fylgd annars barns og út á götuna milli tveggja kyrrstæðra bifreiða, varð fyrir bifreið ákærða og hlaut hryggbrot, heilamar, blæðingar í brjósthóli og varanlega lömum í ganglimum.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 37. gr., 1., 2. og a, c, f og l-liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 14. júlí f. á., klukkan 1650, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað í Stakkahlíð skammt sunnan við Drápuhlíð.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og gerði annar skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu, en hinn uppdrátt af slystaðnum.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hafði ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, ekið fólksbifreiðinni R 7650 suður Stakkahlíð, en skammt fyrir sunnan Drápuhlíð eða gegnt barnagæsluvelli, sem stendur austan við Stakkahlíðina, lenti 5 ára stúlka, Brynja Hrönn Jónsdóttir, Hlíðabyggð 40 í Garðabæ, fyrir bifreiðinni. Hafði hún verið á leið vestur yfir Stakkahlíðina frá gæsluvellingum að húsinu nr. 44 við Drápuhlíð, þar sem hún var í gæslu hjá ömmu sinni og afa. Stúlkan hafði lent á vinstra framhorni bifreiðarinnar, og að sögn ákærða hafði hún kastast frá henni við höggið og lent í götunni og runnið nokkurn spöl eftir

henni. Hafði hún verið meðvitundarlaus strax eftir óhappið, en er lögreglumennirnir komu á vettvang, var hún komin með meðvitund og var þá grátandi og brólti um. Engan áverka var hægt að greina á stúlkunni, annan en kúlu hægra megin á enni, en blóð vætlaði úr munni hennar. Var barnið þegar flutt í sjúkrahúsbifreið á slysadeild Borgarspítalans.

Þegar slysið átti sér stað, var skýjað og rigning og malbikað yfirborð götunnar blautt.

Ákærði skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið suður Stakkahlíð og ætlað áfram sömu leið. Hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn og því gæti hann ekki sagt til um ökuhraðann, en hann kvaðst þó halda, að hann hefði ekki verið yfir 40 km miðað við klst. Kvaðst ákærði ekki hafa veitt ferðum stúlkuunnar athygli, fyrr en rétt áður en slysið varð, að hann hefði séð hana koma hlaupandi vestur yfir götuna. Um leið og ákærði varð stúlkunnar var, snögghemlaði hann bifreiðinni, en hún rann á blautu malbikinu, og gat hann því ekkert gert til þess að forða slysinu (sic).

Á bifreiðinni voru vélarlok og vinstra frambretti dældað, og eins hafði vinstra framhögghvarahorn gengið aftur að aurbrettinu og rispað það og dældað.

Um meiðsli stúlkunnar segir svo í vottorði Bjarna Hannessonar, læknis á skurðeild Borgarspítalans, dagsettu 16. nóvember f. á.:

„Brynja Hrönn Jónsdóttir var flutt á slysadeild Bsp. þann 14.7.1978. Skv. upplýsingum frá sjúkrabilstjórum mun sjúkl. hafa orðið fyrir bifreið í Stakkahlíð í Rvík.

Við komu á slysadeild var sjúkl. meðvitundarlítill, en var þó hægt að vekja hana, og hún svaraði einföldum spurningum. Hún var síðan flutt á gjörgæsludeild.

Rannsóknir leiddu í ljós, að sjúkl. var með brot á hryggjalliðum í brjósthrygg, og var vægt samfall á liðbolum á 6., 7. og 8. liðbol. Það kom í ljós, að sjúkl. var með blæðingu inn á vi. lunga. Sjúkl. var með lömum í ganglimum og var tilfinningarlaus upp að geirvörtum. Sjúkl. dvaldi á spítalanum frá 14.7. til 14.8. '78, og á þeim tíma komst hún til fullrar meðvitundar, og blæðingin inn á vi. lungað lagaðist. Við brottför var sjúkl. enn með lömum í ganglimum og minnkaða tilfinningu upp að geirvörtum.

Sjúkl. var flutt á Endurhæfingardeild Bsp. við Grensásveg.

Áverkar sjúkl. voru því: Brot á brjósthrygg, á liðbolum Th.

6, 7 og 8 með epidural blæðingu og mari á mænu, paraplegia. Heilamar (contusio cerebri).

Haemothorax sin (blæðing utan á hæ. lunga).

Við brottför var lómunin óbreytt, og er hætt við, að sjúkl. hafi fengið varanlegar mænuskemmdir, en aftur á móti virðist sjúkl. hafa fengið góðan bata hvað við kemur höfuðáverkanum og brjóstholsáverkanum.

Sjúkl. fluttist á Endurhæfingardeild Bsp. við Grensásveg til frekari meðferðar, eins og fram hefur komið, og varðandi frekari bata eða batahorfur vísast til lækna þeirrar deildar.“

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Magnúsar Guðmundssonar, aðstoðarlæknis á endurhæfingardeild Borgarspítalans, dags. 3. janúar sl. Í því segir svo:

„Vísá til bréfs frá lögreglustjóra, dags. 28/12'78, viðvíkjandi *Brynju Hrönn Jónsdóttur*, f. 15.6.'73, til heimilis að Hlíðarbyggð 40, Garðabæ.

Ofannefnd telpa hefur verið sjúklingur á Endurhæfingadeild Borgarspítalans frá 14.8.'78. Allt bendir til, að Brynja verði áfram með algjöra lómun í ganglimum. A. ö. l. vísast til vottorðs frá Bjarna Hannessyni, lækni, dags. 16.11. '78, sem er í vörslu lögreglunnar.“

Loks kom fyrir dóminn við meðferð málsins hinn 31. október sl. Jón Jósefsson flugvirki, Hlíðarbyggð 40 í Garðabæ, faðir Brynju Hrannar. Hann upplýsti, að heilsufar hennar væri óbreytt, frá því að gefið var síðastgreint vottorð um heilsufar hennar, og væri ekki von um neinn frekari bata.

Kristján Kristjánsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina R 7650 þegar eftir slysið, og segir svo í skýrslu vitnisins um skoðunina, en vitnið hefur staðfest skýrsluna við meðferð málsins:

„Föstudaginn 14. júlí 1978 kl. 17.10 skoðaði ég undirritaður bifreiðaeftirlitsmaður að beiðni rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík bifreiðina R-7650 vegna umferðarslyss, sem hún hafði lent í á Stakkahlíð á móts við leikvöllinn þar.

Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að bifreiðin var á góðum óslitnum sumarhjólborðum og var í fullkomnu lagi. Bifreiðin var skráð ný og skoðuð 13. júní 1978.

Bifreiðin R-7650 er Datsun 220 C fólksbifreið, árgerð 1978, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði.“

Þegar slysið átti sér stað, var með Brynju Hrönn Karl Olgeirsson, 6 ára, til heimilis að Drápuhlíð 40 í Reykjavík.

Karl var yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík í viðurvist föður síns 7. nóvember f. á. Í skýrslu Karls segir svo orðrétt:

„Hann segir, að þau Brynja hafi verið á leið heim frá gæsluvellinum, þegar slysið varð. Aðspurður telur hann, að Brynja Hrönn hafi hlaupið, þegar hún fór út á götuna og varð fyrir bifreiðinni. Hann segir, að þau hafi ekki leiðst. Karl segist ekki muna, hvort þau Brynja hafi stöðvað eitthvað, eftir að þau fóru út af gangstéttinni, eða hvort þau hafi haldið viðstöðulaust áfram yfir götuna.

Karli eru sýndar ljósmyndir af vettvangi, og áttar hann sig á þeim og bendir á hlið gæsluvallarins og segir, að þau Brynja hafi farið út á gangstéttina norðan við gæsluvöllinn, gengið aðeins til vinstri eftir gangstéttinni og síðan þar út á götuna. Hann segist muna eftir kyrrstæðri bifreið og telur, að það sé bifreiðin, sem sést á ljósmyndinni. Sérstaklega aðspurður segist Karl ekki muna eftir annarri bifreið kyrrstæðri þarna. Hann segist ekki muna, hvort þau Brynja hafi gengið aftan eða framan við kyrrstæðu bifreiðina.“

Ekki hefur þótt rétt að yfirheyra drenginn við meðferð málsins né heldur Brynju Hrönn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við meðferð málsins:

Vitnið Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir húsmæðrakennari, Barmahlíð 26 í Reykjavík, kvaðst hafa verið statt vestan megin við Stakkahlíð á gangstétt, að það telur 10—15 metra sunnan við Mávahlíð, föstudaginn 14. júlí f. á., um klukkan 1650, þegar það horfði á fólksbifreið aka suður Stakkahlíð, að mati vitnisins á 40—50 km hraða. Vitnið vill ekki fullyrða, hvort bifreiðin kom úr hliðargötu eða alla leið frá Miklubrautinni.

Jafnframt því að sjá bifreiðina sá vitnið tvö ung börn standa úti á götunni við gamla ameríska fólksbifreið, kyrrstæða austan við götuna við gatnamótin, en við bifreiðina að austanverðu var stigur upp á barnaleikvöll. Börnin héldust í hendur, og annað þeirra tók á rás yfir götuna og leiddi hitt á eftir sér. Gerðist þetta, þegar bifreiðin var að koma að börnunum. Vitnið taldi, að bifreiðarstjórinn ætti að sjá börnin og þau hann. Þá fullyrðir vitnið, að börnin hafi ekki komið snögglega út á götuna á milli amerísku fólksbifreiðarinnar og annarrar bifreiðar, sem var kyrrstæð aftan og sunnan við hana.

Vitnið horfði á bifreiðina aka á fremra barnið, en tók ekki

eftir nákvæmlega, hvar barnið varð fyrir henni. Um leið og bifreiðin ók á barnið, sleppti hitt barnið hendi þess og hljóp á brott.

Vitnið vill ekkert um það fullyrða, hvort bifreiðinni var hemlað, áður en hún lenti á barninu eða í sömu andrá.

Önnur vitni voru ekki að slysinu.

Vitnið Steinþór Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður, Orrahólum 7 í Reykjavík, gerði áðurgreinda skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið veit ekki til þess, að neitt hafi verið gert til þess að hafa uppi á annarri kyrrstæðu bifreiðinni, sem farin var af staðnum.

Vitnið telur, að í umræddu tilviki hefði það átt að taka ákvörðun um hraðaprófun bifreiðarinnar á vettvangi, en segir, að það hafi farist fyrir vegna anna þeirra, sem rannsökuðu málið, við að upplýsa önnur atriði þess.

Vitnið Ragnheiður Ólafía Davíðsdóttir lögreglumaður, Urðarstíg 15 í Reykjavík, gerði uppdrátt af slysstaðnum og hefur staðfest hann við meðferð málsins.

Ákærði skýrir svo frá við meðferð málsins, að hann hafi, um kl. 1650, umræddan dag ekið bifreiðinni R 7650 suður Stakkahlíð, en hann hafði komið inn á Stakkahlíð við Mávahlíð. Ákærði var einn í bifreiðinni. Ákærði kveðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar á leið sinni suður Stakkahlíð, en ákærði kveðst ímynda sér, að hann hafi ekið á rétt öðrum hvorum megin við 40 km hraða. Ákærði segir, að yfirborð götunnar hafi verið blautt, og rigning var. Ákærði hafði rúðupurrkurnar í gangi.

Ákærði kveðst hafa verið að komast inn á gatnamót Drápuhlíðar, þegar barn varð fyrir bifreiðinni framanverðri. Ákærði hafði ekki séð barnið, áður en það skall á bifreiðinni. Hann kveðst hafa hemlað samstundis, en barnið kastaðist frá bifreiðinni, og telur ákærði, að það hafi ekki komið við bifreiðina nema í þetta eina sinn.

Ákærði kveðst hafa dregið úr hraða, þegar hann kom að Drápuhlíðinni, en ekki hafi verið um verulega hraðaminnkun að ræða.

Ákærði man ekki, hvort hann var í 2. eða 3. ganghraðastigi af fjórum mögulegum áfram, þegar hann steig á hemlana til þess að nauðhemla.

Ákærði telur, að hann hafi verið með fótinn á eldsneytisgjöf-inni, þegar hann varð að nauðhemla.

Ákærði kveðst ekki hafa ekið oft götuna, þar sem slysið átti sér stað, en þó hafi það komið fyrir nokkrum sinnum, áður en slysið gerðist. Ákærði segir, að sér hafi verið kunnugt um, að þarna var barnaleikvöllur, en hins vegar hafi það ekki verið í huga hans, þegar hann ók um götuna í þetta skipti.

Ákærði minnst þess ekki, að nein umferðarmerki hafi verið á þessum slóðum, sem bentu til þess, að þarna væri barnaleikvöllur í nánd.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði ók um gatnamót í íbúðarhverfi og bar þegar af þeirri ástæðu að sýna fyllstu gætni við aksturinn og vera reiðubúinn að stöðva vegna umferðar frá hægri, þegar hann ók yfir mót Drápuhlíðar. Þá átti ákærða að vera ljóst, að vegna þleytu á götunni kynnu hemlunarskilyrði að vera lakari en ella. Loks hafði ákærði ekið götuna áður og vissi, að þarna var barnaleikvöllur, enda þótt ekki væru þarna varúðarskilti, sem bentu til slíks.

Ákærði kveðst sjálfur ekkert hafa orðið stúlkunnar var, áður en hún varð fyrir bifreiðinni. Verður því ekki byggt á framburði hans um hegðun stúlkunnar fyrir slysið. Hins vegar hefur vitnið Margrét Dóróthea skýrt frá því, að það hafi séð stúlkuna og annað barn standa úti á götunni við kyrrstæðar bifreiðar, áður en þau tóku á rás yfir hana, og fullyrðir vitnið, að þau hafi ekki komið snögglega út á götuna. Verður að leggja þennan framburð til grundvallar, enda er ekkert í málinu, sem hnekkir honum. Þegar þessi framburður er virtur og hitt, sem áður greinir, að ákærði var að aka um gatnamót, þykir einsýnt, að honum hafi borið að sýna sérstaka gætni og horfa vel eftir umferð, enda þótt ekki hafi verið þarna umferðarskilti, sem vöktu á því athygli, að þarna í nánd væri barnaleikvöllur. Verður að telja það fram komið í málinu, að ákærði hefði átt að eiga auðvelt með að sjá börnin með fyrirvara, ef hann hefði sýnt næga aðgát. Þá þykja hemlaför bifreiðarinnar eindregið benda til þess, að ákærði hafi ekið óhóflega hratt, en hemlaför eftir bifreið hans mældust samkvæmt uppdrætti nærri fjórar lengdir bifreiðarinnar, eða yfir 18 metrar. Lögreglumenn þeir, er rannsókuðu málið á vettvangi, létu undir höfuð leggjast að hraðaprófa bifreiðina þegar eftir slysið, en þrátt fyrir það þykir sýnt, að ákærði hafi ekið á mun meiri hraða en hann hefur sjálfur gefið upp,

þótt því verði ekki slegið föstu, hver hraðinn hafi verið, þegar ákærði nauðhemlaði. Verður með hliðsjón af hemlaförunum augljóst, að ákærði hefði t. d. ekki getað stansað í tíma fyrir bifreið, sem komið hefði frá hægri, en hemlaförin eru að lengd til lengri en öll breidd gatnamótanna.

Með hliðsjón af framansögðu verður því að telja sannað, að ákærði hafi ekið umrætt sinn án nægjanlegrar aðgæslu og allt of hratt miðað við aðstæður og beri með þeirri háttsemi sinni að mestu sök á því, að stúlkan varð fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, sem þegar hefur verið lýst. Varðar þessi háttsemi ákærða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 37. gr., 1., 2. og a, c, f og l liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann með dómssátt í Reykjavík 25. september 1964 gengist undir að greiða 200 króna sekt fyrir umferðarbrot, en öðrum kærnum og refsingum hefur hann ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Ákærði þykir með akstri sínum umrætt sinn hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákveði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr., 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmans, 90.000 krónur.

#### Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Gunnarsson Smith, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ingvars Björnssonar  
héraðsdómslögmanns, 90.000 krónur.

---

Miðvikudaginn 8. apríl 1981.

Nr. 165/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Hávarði Emilssyni**

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Líkamsmeiðingar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar refsingar, en sama bóta-krafa er uppi höfð fyrir Hæstarétti sem í héraði.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi er ákærufni ein-skorðað við atlögu ákærða að Garðari Eymundssyni og þær afleiðingar hennar, að tvær tennur brotnuðu í Garðari.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að háttsemi ákærða varði hann refsingu samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfum Garðars Eymundssonar, sem lýst er í héraðsdómi, þykir í hóf stillt, þ. á m., eins og hér stendur á, kröfu vegna lögfræðilegrar aðstoðar við að gera úr garði bótakröfur, 100.00 krónur. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða dánarbúi Garðars Eymundssonar 2.623.00 krónur,